



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/444
komudagur 25.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25.11.2011
Tilvísun: 201111-0030

Efni: Frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög (191 mál).

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.
Lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/321
komudagur 22.11.2011

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. nóvember 2011

Efni: Umsögn um þskj. 195 — 191. mál á 140. löggjafarþingi 2011–2012

1. ALMENNT

Deloitte hf. fagnar því að fá tækifæri til að veita umsögn um breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög sem fram koma í frumvarpinu.

Flestar breytingar taka mið af innleiðingu tilskipunar 2009/109/EB sem er ætlað það hlutverk að draga úr stjórnsluátaki á fyrirtæki og auka samkeppnishæfi fyrirtækja. Meðal þeirra þátta eru samrunar og skiptingar, sem frumvarpið tekur á. Telja verður afar heppilegt að hafa samræmda aðferðarfræði hvort heldur verið að vinna við hlutafélög eða einkahlutafélög, þar sem hagsmunir eru sambærilegir. Þá fagnar Deloitte þeirri framþróun sem er að nýta sér vefsetur félaganna sjálfra til að koma upplýsingum til hluthafa. Þar sem Deloitte þekkir til hefur sá háttur verið nýttur með góðum árangri.

Hér á eftir eru raktar helstu athugasemdir Deloitte við frumvarpið eftir því sem við á.

2. EINSTÖK ATRIÐI FRUMVARPSINS

Deloitte fagnar því að taka eigi út hið matskennda ákvæði „þegar unnt er að gera það án tjóns fyrir félagið og“ úr 59. gr. hlutafélagalaganna. Þegar litið er til t.d. minnihlutaverndar eru slík ákvæði allt of matskennd og veita stjórnarmönnum eða stjórnendum svigrúm til mats út frá eigin hagsmunum, en ekki endilega félagsins. Almenn má segja að matskennd atriði á borð við það sem hér var tekið út séu afar óheppileg til að tryggja skýra réttarstöðu.

Í framkvæmd hefur pappírsvinna verið heldur fyrirferðarmikil til að uppfylla formskilyrði laga svo sem greinagerð stjórnar og árshlutareikningur. Sérstaklega þegar sömu aðilar eiga bæði eða fleiri samrunafélög. Það er því jákvæð framvinda að einfalda ferlið þannig að nægjanlegt sé að hluthafar geti sjálfir gætt sinna hagsmuna við samruna eða skiptingu með einföldu samþykki á hluthafafundi, en sé ekki gert að uppfylla formskilyrði sem á endanum hafa enga raunþýðingu fyrir félögin vegna samruna eða skiptingar.

Deloitte fagnar einnig þeirri skyldu sem sett er á félagsstjórn að upplýsa beri um öll helstu atvik sem kunna að hafa verulega þýðingu fyrir reksturinn vegna samruna eða skiptingar frá undirritun og fram að fundi hluthafa, en það er til samræmis við VI. kafla ársreikningalaga um skýrslu stjórnar. Að gera slíkt refsivert er í samræmi við aðra tilkynningarskylda þætti og gerir Deloitte ekki athugasemdir við það ákvæði.

Vegna heimildar um að upplýsa hluthafa um málefni félagsins á eigin vefsíðu eða viðurkenndri vefsíðu t.d. í eigu samtaka verður að telja að um stórt framfaraskref sé að ræða. Í stað þess að prenta út gögn og senda til hluthafa er um sparnað að ræða bæði í beinum peningum og tíma. Þetta gerir einnig hluthafa virkari að því leyti að þeir axli ábyrgð sem fylgir að eiga hluti í félagi. Deloitte hefur upplýsingar um félög sem hafa nýtt vefsíðu sína fyrir upplýsingar til hluthafa og hefur það tekist með ágætum. Í einhverjum tilvikum hefur slík síða verið opin öllum, sem er til fyrirmyndar.

3. SAMANTEKT

Deloitte fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þær eru til þess fallnar að einfalda samruna- og skiptingafæri, sérstaklega í minni fyrirtækjum, þar sem eigendur vinna náið saman og hluthafar taka ákvarðanir um hag sinn og félagsins. Þessi breyting á einnig að geta verið hvati til að menn fari í þær breytingar til að gera hvert fyrirtæki skilvirkara en á undanförunum misserum hefur það viðmið orðið viðameira í huga hluthafa til að straumlínulaga fyrirtækin svo hagræðing nái fram að ganga.

Deloitte er tilbúið til að veita frekari aðstoð og skýringar ef þess verður leitað.

Virðingarfyllst
f.h. Deloitte



Vala Valtýsdóttir
Sviðsstjóri
Skatta- og lögfræðisviðs



Pétur Steinn Guðmundsson
Lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisviði

	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	
	Minnisblað	

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**

Sendandi: **EVR**

Dagsetning: **12.12.2011**

Málsnúmer: **EVR11090013**

Bréfalykill: **8.1**

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna)**

Með vísan til umsagnar Ríkisskattstjóra um frumvarpið og ummæla fulltrúa hans á fundi sendast hjálagðar hugsanlegar breytingartillögur við frumvarpið sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið og starfsmenn fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra geta sætt sig við. Þá fylgja hugsanlegar skýringar með þessum breytingum og hefur ráðuneytið samið þær.

Hugsanlegar breytingartillögur

140. löggjafarþing 2011 – 2012.

Þskj. 195 – 191. mál.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 121. gr. laganna:
 - a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem verður 3. másl. og orðast svo: Ef allir hluthafar félagsins samþykkja samhljóða á hluthafafundi má ákveða að greinargerðin skuli ekki samin og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félagin.
 - b. Í stað orðanna „Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur“ í upphafi 2. mgr. komi: Félagsstjórnir skulu annast um að saminn sé endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur.
 - c. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Félögum, er falla undir 87. gr. a laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og hafa skilað inn milliuppgjöri og gert það aðgengilegt öllum hluthöfum, er heimilt að falla frá samningu endurskoðaðs sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings ef allir hluthafar félagsins samþykkja það samhljóða á hluthafafundi og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins.
3. Við 4. gr. Í lok a-liðar falli niður orðin “nema hluthafar samþykki annað samhljóða.”
4. Við 7. gr. Greinin falli niður
5. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 96. gr. laganna:
 - a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem verður 3. másl. og orðast svo: Ef allir hluthafar félagsins samþykkja samhljóða á hluthafafundi má ákveða að greinargerðin skuli ekki samin og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt

endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin.

b. Í stað orðanna „Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur“ í upphafi 2. mgr. komi: Félagsstjórnir skulu annast um að saminn sé endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur.

c. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Félögum, er falla undir 87. gr. a laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og hafa skilað inn milliuppgjöri og gert það aðgengilegt öllum hluthöfum, er heimilt að falla frá samningu endurskoðaðs sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings ef allir hluthafar félagsins samþykkja það samhljóða á hluthafafundi og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins.

6. Við 9. gr. Í lok a-liðar falli niður orðin “nema hluthafar samþykki annað samhljóða.”

7. Við bætist ný grein, svohljóðandi: 4. mgr. 122. gr. laganna um hlutafélög orðist svo:

Ef allir hluthafar félagsins samþykkja samhljóða á hluthafafundi að óháðir, sérfróðir matsmenn skuli ekki gera skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.-3. mgr., skal senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin.

8. Við bætist ný grein, svohljóðandi: 1. másl. 4. mgr. 97. gr. laganna um einkahlutafélög orðist svo: Ef allir hluthafar félagsins samþykkja samhljóða á hluthafafundi að óháðir, sérfróðir matsmenn skuli ekki gera skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.-3. mgr., skal senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin.

Hugsanlegar skýringar

140. löggjafarþing 2011 – 2012.

Þskj. 195 – 191. mál.

Gert er ráð fyrir að 2. og 7. gr. frumvarpsins falli af tæknilegum ástæðum niður vegna breytinga á því.

Í a-lið 3. gr. frumvarpsins er nú kveðið skýrt á um að allir hluthafar félagsins, ekki aðeins þeir sem sækja hluthafafund, skuli samþykkja samhljóða á fundinum að ekki þurfi að semja greinargerð stjórnar um samrunaáætlun. Ekki er m.ö.o. gert hér ráð fyrir samþykki hluthafa utan hluthafafundar. Þá er bætt við að senda skuli hlutafélagaskrá endurskoðaðan sameiginlegan efnahags- og rekstrarreikning fyrir félögin en hann er almennt gerður.

Í b-lið 3. gr. frumvarpsins er kveðið beint á um að félagsstjórnir skuli annast um að saminn sé endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur þótt slíkt felist óbeint í lokum a-liðar í stað þess að kveða á um, eins og nú er í 121. gr. laganna, að reikningurinn skuli fylgja greinargerð stjórnarinnar.

Þá er bætt við í c-lið 3. gr. frumvarpsins í samræmi við heimild í tilskipun að heimilt sé með vissum skilyrðum að falla frá samningu endurskoðaðs sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings.

Gert er ráð fyrir sambærilegum breytingum á 8. gr. frumvarpsins sem snertir einkahlutafélög.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um skyldu félagsstjórnar til að upplýsa um atvik sem hafa verulega þýðingu frá því að samrunaáætlun var undirrituð og fram að hluthafafundi. Ekki er lengur gert ráð fyrir því í frumvarpinu að falla megi frá þessari upplýsingaskyldu. Ákvæði tilskipunar um þetta atriði reyndist undanþægt og er byggt á því.

Samsvarandi breytingar eru ráðgerðar á 9. gr. frumvarpsins hvað snertir einkahlutafélög.

Í breytingartillögum eru auk þess gerðar tillögur um endurskoðun á ákvæðum í hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum varðandi skýrslu óháðra, sérfróðra matsmanna um samrunaáætlun sem séu til samræmis við framangreindar breytingar varðandi skýrslu stjórnar um áætlunina. Er gert ráð fyrir að ákvörðun um að gera ekki kröfu um skýrslu matsmanna sé gerð á hluthafafundi og því bætt við að senda skuli hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin.

From: jon.oam.thormodsson@evr.is [mailto:jon.oam.thormodsson@evr.is]
Sent: 10. janúar 2012 15:40
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: harpa.s.masdottir@evr.is; thora.hjaltested@evr.is; skuli.ionsson@rsk.is
Subject: Hlutfélagafrv. (samruni): Smábreytingar v. umsagnar KPMG

jonogm/hf.ehf.frv.samruni.br.till. 10.1.2012

Breytingartillögur KPMG voru miðaðar við frumvarpstextann í nóvember 2011 en ekki breytingartexta í minnisblaði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins frá 12. desember 2011. Sýnast þær ekki eiga við sé desembertextinn samþykktur (Skúli Jónsson, forstöðumaður hlutfélagaskrár, og Jónas Rafn Tómasson hdl., fulltrúi KPMG, samþykkir þessum skilningi) nema hvað gera mætti eftirfarandi breytingar á þeim texta til frekari skýringar:

3. tölul. minnisblaðstextans (um hlutfélög) orðast þá svo:

3. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr.:

a. Í lok a-liðar falli niður orðin “nema hluthafar samþykki annað samhljóða.”

b. Við bætist tveir nýir stafliðir, d-e-liðir, sem orðast svo:

d. Á eftir orðunum “Greinargerð stjórnar” í 4. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

e. Á eftir orðunum “Skýrsla matsmanna” í 5. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

6. tölul. minnisblaðstextans (um einkahlutfélög) orðast þá svo:

6. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 9. gr.:

a. Í lok a-liðar falli niður orðin “nema hluthafar samþykki annað samhljóða.”

b. Við bætist tveir nýir stafliðir, d-e-liðir, sem orðast svo:

d. Á eftir orðunum “greinargerð stjórnar” í 4. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

e. Á eftir orðinu “skýrsla” í 5. tölul. 5. mgr. kemur: þar sem við á.

Alþingi
Erindi nr. P 140/407
komudagur 24.11.2011

NASDAQ OMX™

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2011
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 191. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 11. nóvember 2011 þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.).

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.
Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur



KPMG hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/332
komudagur 18.11.2011

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2011

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

Neðangreindar athugasemdir eru settar fram í framhaldi af framlagningu þingskjals 195, 191. máls, 140. löggjafarþings.

Athugasemdir við c og d-lið 3. gr. frumvarpsins

Samkvæmt c lið 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingu á orðalagi 3. ml. 2. mgr. 121. gr. auk þess sem nýjum málslið verður bætt við 2. mgr. 121. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Verði breytingin samþykkt munu 3. og 4. ml. 2. mgr. 121. gr. hljóða svo:

„Uppsetning sameiginlega efnahags- og rekstrarreikningsins fyrir félögin skal miðast við uppgjörsdag nema hluthafar samþykki samhljóða að falla frá milliuppgjöri eða sérreglur gildi um félög með hluti í viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga þar sem upplýsingar eru aðgengilegar almenningi. Uppgjörsdagur má ekki vera meira en sex mánuðum fyrir undirritun samrunaáætlunar.“

Þegar samruni félaga er fyrirhugaður hefur á grundvelli núgildandi 3. ml. 2. mgr. 121. gr. verið heimilt að gera samrunaáætlun sem miðar við tímamark sem er allt að sex mánuðum fyrir undirritun áætlunar um samruna. Þetta þýðir til dæmis að í júní lok hvers árs hefur verið hægt að skrifa undir áætlun um samruna og hefur hún mátt taka mið af stöðu félaganna næstliðin áramót, þ.e. miðað við efnahagsreikning við upphaf dags 1. janúar. Nú er lagt til að breyta framangreindu ákvæði. Að okkar mati er breytingin óskýr og allsendis óvíst hvert markmið hennar er.

Eins og fyrirhuguð breyting er sett fram í frumvarpinu varðandi 3. ml. 2. mgr. 121. gr. er óljóst við hvaða uppgjörsdag skuli miða þrátt fyrir orðalag væntanlegs 4. ml. 2. mgr. 121. gr. Til dæmis ef félag undirritar samrunaáætlun 31. ágúst þá má uppgjörsdagur í síðasta lagi vera 6 mánuðum fyrr eða 1. mars. Ef hluthafar í félögum sem eingöngu gera ársuppgjör myndu samþykkja samhljóða að falla frá milliuppgjöri í samræmi við 3. ml. þá er í raun ekkert uppgjör til að miða við annað en áramótauppgjör frá 1. janúar sem væri þá andstætt ákvæði 4. ml. um að uppgjörsdagur megi ekki vera meira en sex mánuðum fyrir undirritun samrunaáætlunar. Er því ekki ljóst hvernig eigi að vera hægt að nýta þá heimild sem fram kemur í 3. ml. 2. mgr. vegna ákvæðis 4. ml. 121. gr.

Samkvæmt 1. ml. 2. mgr. 121. gr. á endurskoðaður sameiginlegur efnahags og rekstrarreikningur að fylgja greinargerð með samrunaáætlun. Hluthafar í félögum sem undirrita samrunaáætlun eftir 30. júní hafa því ekki raunverulega möguleika á að nýta sér þessa heimild að falla frá gerð milliuppgjörs. Markmið breytingarinnar sem skv. greinargerð er að draga úr skyldum vegna gerð skjala og skýrsla ef allir hluthafar samþykkja er því ekki nást nema á fyrri helming ársins.



KPMG hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

KPMG ehf. leggur mikla áherslu á að öllum vafa að þessu leyti verði eytt þannig að ekki verði neinum vafa undirorpið hve langt „aftur í tímann“ heimilt verði að sameina félög. Þetta er mjög mikilvægt, ekki síst út frá skattalegum sjónarmiðum. Í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna ákvæði sem í raun vísar til 2. mgr. 121. gr., en þar segir: „Við skiptingu eða sameiningu félaga er heimilt að miða uppgjör rekstrar og framtalsskil, sbr. 90. gr., félaga þeirra er skiptingin eða slitin varða við það tímamark þegar skiptingin eða slitin eiga sér stað samkvæmt samþykktum félaganna“. Það væri því afar óheppilegt fyrir rekstraraðila að óvissa kæmi upp um það við hvaða tímamark lok framtals- og skattskila skyldi miða.

Í þessu sambandi er rétt að vísa til þess að fyrir setningu laga nr. 154/1998, sem breytti 57. gr. A, laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt (núgildandi 2. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003), hafði um árabíl verið uppi óvissa um það við hvaða tímamark heimilt væri að miða lok skattskila félaga sem sameinuðust á grundvelli laga um hluta- og einkahlutafélög. Sú óvissa sem var uppi skapaði fyrirtækjum og atvinnulífi miklum vandræðum og rötudu mál fyrir dómstóla, og má í því sambandi vísa til dóms Hæstaréttar Íslands frá 1. nóvember 1995, Andri hf. gegn Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Sú breyting sem lögð er til er sögð byggja á ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB, frá 16. september 2009. Þrátt fyrir að reglugerðin verði innleidd, er mikilvægt að lagaákvæði sem á henni byggja séu skýr.

Athugasemdir við c og d-lið 8. gr. frumvarpsins

Sambærilegar athugasemdir eru settar fram við c og d-lið 8. gr. frumvarpsins, sem kveður á um sambærilega breytingu á einkahlutafélagalögum nr. 138/1994, líkt og gerðar eru við c-lið 3. gr. og ekki sérstök efni til að tilgreina þær með öðrum hætti en að vísa til ofangreindrar umfjöllunar.

Viljum við hjá KPMG ehf. benda á hversu mikilvægt það er að allri óvissu verði eytt hvað sú breyting sem lögð hefur verið til mun í raun þýða og hvernig hún skuli framkvæmast.

Óskað er eftir því að umsögn þessi verði tekin til skoðunar við umfjöllun þess máls er hún varðar. KPMG ehf. er tilbúið að ræða framangreindar athugasemdir nánar sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

KPMG hf.,

Jónas Rafn Tómasson, hdl.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 140/457
komudagur 28.11.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	25. nóvember 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 11. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl. EES-reglur), 191. mál.

Til svars erindinu skal tekið fram að Ríkisendurskoðun hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.

Emun Hvarn

Árni G. Gunn.

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK
Reykjavík, 21. nóvember 2011
R2011110009

Alþingi
Erindi nr. P 140/299
komudagur 21.11.2011

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 191. mál

Þann 11. nóvember 2011 móttók ríkisskattstjóri tölvupóst þar sem embættinu var gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið sé endurflutt og að það feli í sér, að undanskilinni 1. gr., innleiðingu á tilskipun 2009/109/EB sem breytir fjórum tilskipunum á sviði félagaréttar.

Af þessu tilefni vill fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra benda á að þau atriði í framangreindri tilskipun er snúa að einföldun á samruna- og skiptingarreglum eru valkvæð atriði og ber Íslandi því ekki skylda að taka upp þau ákvæði í landslög. Ríkisskattstjóri hefur áður lýst áhyggjum sínum af slíku einföldunarferli sbr. umsögn embættisins til viðskiptanefndar Alþingis dags. 31. maí 2011, en í þeirri umsögn voru ítrekuð sjónarmið sem fram komu í umsögn til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins dags. 25. nóvember 2010. Ríkisskattstjóri leyfir sér að áréttu þessi sjónarmið sbr. og það sem fram kemur hér á eftir.

I.

Athugasemdir fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra vegna þess er fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að aðalmarkmið með tilskipuninni er að draga úr stjórnsýslubyrðum í hlutafélögum en á þeim hvíla ýmsar upplýsingaskyldur og með breytingunum er verið að draga úr þeim skyldum við vissar aðstæður hvað snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra dregur í efa að umræddar breytingar muni draga úr gerð skýrslna og skjala við samruna og skiptingu félaga. Samkvæmt frumvarpinu geta félög samþykkt að leggja ekki fram samrunaefnahagsreikning sem og skýrslu stjórnar. Félög þurfa samt ennþá að leggja fram yfirlýsingu endurskoðenda þar sem fram kemur hvort samruninn muni hafa áhrif á kröfur lánadrottna. Ljóst er að félögin munu alltaf þurfa að gera samrunaefnahagsreikning, hvort sem hann er sendur til fyrirtækjaskrár með tilkynningu um samruna eða ekki. Ekki er hægt að sameina tvö félög né skipta án þess að búa til samruna/skiptingar-efnahagsreikning þar sem upphafsstaða félaga er listuð upp. Einnig verður ekki séð hvernig endurskoðandi geti gefið út yfirlýsingu um skaðleysi lánadrottna ef ekki er búið að útbúa samruna/skiptingar-efnahagsreikning þar sem áhrif samruna/skiptinga kemur fram. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vill einnig benda á að það hafa komið upp dæmi þar sem yfirlýsing endurskoðenda hefur ekki verið í samræmi við samruna/skiptingar-efnahagsreikning í samrunum/skiptingum og hefur yfirlýsingu endurskoðenda verið breytt eftir athugasemdir frá starfsmönnum fyrirtækjaskrár. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra mun ekki geta bent félögum á slík dæmi og stutt þannig við skilyrði lagana um vernd lánadrottna verði horfið frá skyldu um að senda fyrirtækjaskrá samrunaefnahagsreikning. Vert er að benda á að vernd lánadrottna í umræddum tilskipunum ESB er skilyrði en ekki heimild líkt og ákvæði um minni stjórnsýslubyrði er. Fyrirtækjaskrá

ríkisskattstjóra vill því hvetja Alþingi til þess að skylda félög áfram til að leggja fram samruna/skiptingar-efnahagsreikning. Varðandi skýrslu stjórnar þá telur fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að það muni ekki hafa mikil áhrif þótt hún sé ekki lögð fram með samrunagögnum. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra fagnar því einnig að heimilt verði að birta samrunagögn á vefsíðum félaga.

Síðar í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ákvæðin séu innleidd með svipuðum hætti og í dönskum rétti. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vill hvetja til þess að framkvæmd annarra Norðurlanda sé skoðuð áður en það verður tekin ákvörðun um hvaða leið eigi að fara hér á landi. Á sameiginlegum fundi lögfræðinga fyrirtækjaskrá Norðurlanda í haust kom fram að Danir hafi gengið lengst í að aflétta upplýsingagjöf fyrirtækja í samrunum/skiptingum og komu fram áhyggjur starfsmanna fyrirtækjaskrár Danmerkur hvaða áhrif það gæti haft. Á fundinum komu fram miklar efasemdir um hvort þessi minnkandi upplýsingagjöf sé í raun jafn mikils virði og haldið er fram, sérstaklega þar sem upplifun starfsmanna fyrirtækjaskrár annarra Norðurlanda er sú sama og hjá starfsmönnum fyrirtækjaskrár hér á Íslandi, þ.e. að um ímyndaðan ávinning sé að ræða þar sem upplýsingarnar þarf hvort sem er að útbúa. Spurningin er aðeins hvort upplýsingarnar sé lagðar fram til birtingar eða ekki. Vert er að benda á að samkvæmt lögum ber öllum félögum að skila inn ársreikningi og því er ekki hægt að halda því fram að stofnefnahagsreikningur sé þess eðlis að ekki sé hægt að leggja hann fram með öðrum samrunagögnum.

II.

Athugasemdir fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra við einstakar frumvarpsgreinar.

Athugasemdir við 1. gr.

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra fagnar umræddri breytingu.

Athugasemdir við 3. gr.

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vill þakka fyrir að tekið var tillit til fyrri athugasemda við vinnslu frumvarpsins og að bætt hafi verið við setningu um að leggja skuli fram fundargerð hluthafafundar er staðfestir að hluthafar hafi samþykkt að skila ekki inn greinargerð. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vill þó benda á að lokasetningin í b-lið „Sé ákvörðun tekin utan hluthafafundar skal jafnframt sanna hana“ er ekki komin til vegna athugasemda fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Í raun er umrædd setning mjög varhugaverð og telur fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að hún ekki í samræmi við tilskipun ESB og er hér verið að ganga mun lengra en æskilegt er. Það er almenn regla í félagarétti að hluthafar hafa aðeins vald á hluthafafundi. Í bók Stefáns Más Stefánssonar, Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir, segir eftirfarandi á bls. 280.

„Hluthafafundur er að jafnaði eini vettvangurinn þar sem hluthafar geta beitt þeim áhrifum sem lögum samkvæmt tengjast hlutafjáreign þeirra, sbr.

2. mgr. 80. gr. hl. Hluthafar verða auk þess sjálfir að vera mættir á fundinn eða senda þangað umboðsmann.“

Síðar á sömu blaðsíðu segir eftirfarandi:

„Hluthafar hafa samkvæmt þessu ekki lagalegan rétt til þess að hafa áhrif á starfsemi félagsins með því að snúa sér beint til stjórnarinnar eða framkvæmdastjóra með beiðni eða fyrirmæli utan hluthafafunda“

Neðst á sömu blaðsíðu er síðan farið yfir muninn á aðalfundi og hluthafafundi er teljast til aukafundi. Varðandi aukafundi segir:

Aukafundi skal hins vegar halda þegar sérstakt tilefni gefst til, t.d. ef stjórnin óskar eftir því að hluthafafundur taki ákvörðun í mikilsverðum málefnum félagsins, sbr. nánar 85. gr. hl.

Með hliðsjón af ofangreindu og almennum reglum félagaréttar verður ekki séð að heimilt sé að hluthafar taki ákvörðun utan hluthafafundar. Þá er slíkt einnig varhugavert því það að boða til hluthafafundar og halda formreglur verður til þess að hluthafar vita hvaða málefni á að fara að ræða og geta því undirbúið sig. Hluthafar hafa t.a.m. heimild til þess að hafa sérfræðinga með sér á hluthafafundi sér til aðstoðar. Það, að stjórn geti t.d. hringt í hvern og einn hluthafa og sannfært hann sérstaklega um að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að gögn þurfi ekki að útbúa er því mjög varhugavert. Ákvarðanir um samruna eða skiptingar geta ekki talist til minniháttar ákvarðana og því er eðlilegt að ákvörðun um slíkt sé tekin á hluthafafundi og þá sérstaklega hvort framkvæma eigi samruna án þess að útbúa æskileg gögn.

Varðandi c-lið vill fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra ítreka áður fram komnar athugasemdir þess efnis að varhugavert sé að heimila félögum að falla frá því að skila inn sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi sérstaklega í ljósi þess að félög þurfa hvort sem er að láta útbúa þessi gögn og er þetta því aðeins spurning um hvort leggja eigi gögnin fram ásamt tilkynningu um samruna/skiptingu

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra fagnar þeirri breytingu er lögð er fram í d-lið 3. gr.

Athugasemdir við 4. gr.

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra hefur miklar áhyggjur af þeim breytingum sem lagðar eru til í a-lið 4. gr. frumvarpsins. Hér er verið að opna á að stjórn þurfi ekki að upplýsa hluthafa um verulegar breytingar sem átt hafa sér stað í félaginu. Verður að telja að slíkt ákvæði sé algjörlega andsnúið því hlutverki sem stjórn félags á að gegna gagnvart hluthöfum. Stjórn er kosin til þess að stýra félagi fyrir hönd hluthafa og ber að upplýsa hluthafa um verulegar breytingar á starfsemi félagsins. Á það einnig við um þegar ákvörðun um samruna/skiptingu er að ræða. Í stærri félögum með marga hluthafa kemur oft fyrir að í stjórn félags eru fulltrúar stærri hluthafa en fulltrúar minni hluthafa eiga ekki aðila í stjórn og verða þeir því að treysta á þær upplýsingar er koma fram meðal annars á hluthafafundum. Getur því umrætt ákvæði veitt stærri hluthöfum ákveðið forskot auk þess sem þetta opnar leið fyrir stjórn til að leyna bæði ómeðvitað og meðvitað upplýsingum til hluthafa. Umrædd grein hefur ekkert með það að gera að létta á stjórnsýslubyrðum á félög við samruna og skiptingu. Verður því ekki séð nauðsyn þess að innleiða umrædda grein.

Athugasemdir við 7-11 gr.

Um er að ræða sambærilegar breytingar verði gerðar á lögum um einkahlutafélög og lögð eru til á lögum um hlutafélög og er því vísað til ofangreindra athugasemda.

III

Samantekt

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vill enn og aftur ítreka að um heimildarákvæði er að ræða og að íslenskum stjórnvöldum er ekki skylt að taka upp þær breytingar sem lagðar eru til um upplýsingagjöf til stjórnvalda vegna samruna/skiptingar. Eðlilegra væri að flýta sér hægt og meta reynslu annarra Norðurlanda, meðal annars Danmerkur, sem hefur gengið hvað lengst í að létta stjórnsýslubyrðum á félög. Eins og fram hefur komið í umsögnum fyrirtækjaskrár

ríkisskattstjóra þá telur skráin að um ímyndaðan ávinning verði að ræða. Samruna/skiptingar-efnahagsreikning þarf alltaf að útbúa og endurskoðandi getur ekki gefið út yfirlýsingu um skaðleysi lánadrottna án þess að vera búinn að gera þann reikning. Þar af leiðandi snýst málið um hvort það eigi að leggja fram upplýsingarnar eða ekki. Ef stjórnvöld telja nauðsynlegt að létta á upplýsingabyrði félaga í samrunum/skiptingum telur fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að heppilegra sé að félögum sé heimilt að sleppa því að leggja fram skýrslu stjórnar en að áfram verði skylt að leggja fram samruna/skiptingar-efnahagsreikning. Í framhaldinu, út frá reynslu annarra landa, er síðan hægt að skoða hvort tilefni sé til þess að heimila að ekki sé nauðsynlegt að skila samruna/skiptingar-efnahagsreikningi.

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vill einnig ítreka að stjórnvöldum er skylt að hafa ákveðna vernd fyrir lánadrottna en aðeins er heimilt að létta stjórnarsýslubyrðum sem hér eru lagðar til. Líkt og komið hefur fram hér að framan kemur fyrir að starfsmenn fyrirtækjaskrár hafi þurft að benda félögum á að yfirlýsing endurskoðanda sé ekki í samræmi við samruna/skiptingar-efnahagsreikning og hafa endurskoðendur í framhaldinu gefið út nýja yfirlýsingu. Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra mun ekki geta slíkt ef ekki er lagður fram efnahagsreikningur.

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vill einnig leggja mikla áherslu á það að b-lið 3.gr. sé breytt og tekin sé út setningin „Sé ákvörðun tekin utan hluthafafundar skal jafnframt sanna hana“. Hér er verið að breyta grundvallarreglu félagaréttar um að vald er hluthafar hafa vegna hlutafjäreignar sinnar verði aðeins nýtt á hluthafafundi.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

Alþingi
Erindi nr. P 140/439
komudagur 25.11.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. nóvember 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.), 191. mál

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 195. Í frumvarpinu, sem felur í sér innleiðingu á tilskipun 2009/109/EB, eru lagðar til breytingar á reglum laga um hlutafélög og einkahlutafélög að því er varðar samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga. Samtök atvinnulífsins sendu efnahags- og viðskiptaráðuneyti umsögn um drög að frumvarpinu, sbr. meðfylgjandi bréf 27. desember 2010.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er markmið tilskipunarinnar að draga úr stjórnslubyrðum í hlutafélögum í ákveðnum tilvikum. Í tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (COM(2008) 576 final) er gerð ítarleg grein fyrir markmiðum breytinganna, aðdraganda þeirra og þeirra sjónarmiða sem horft var til. Í tillögunni kemur m.a. fram að markmiðið sé að stuðla að bættri samkeppnishæfni fyrirtækja í Evrópusambandinu með því að draga úr stjórnslubyrðum þar sem það verður gert án neikvæðra áhrifa á aðra hagsmunaaðila. Hafa verður í huga að ákvæði annarra tilskipana hafa að geyma ákvæði um skýrslugjöf þegar um samruna og skiptingu fyrirtækja er að ræða sem og samspil við aðrar félagaréttartilskipanir sem geta haft í för með sér aukinn kostnað fyrir fyrirtækin. Þá má og hafa í huga að ákvæði um að upplýsa hluthafa um viðskipti eru 30 ára gömul og taka ekki mið af tæknilegum möguleikum í dag.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að efla samkeppnishæfni fyrirtækja og atvinnulífs og fagna frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra. Samtökin telja mikilvægt að ákvæði tilskipunarinnar verði innleidd í lög um hlutafélög sem og lög um einkahlutafélög. Þá telja samtökin mikilvægt að haldið sé í það fyrirkomulag að ákvæði laga um hlutafélög og einkahlutafélög um samruna og skiptingu séu því sem næst samhljóða og að ákvæði um millilandasamruna og millilandaskiptingu geri enn mikilvægara að viðhalda samræmdri lagasetningu hvað þessi atriði varðar.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson.



Efnahags- og viðskiptaráðuneyti
Sölvhólsögðu 7
150 Reykjavík

27. desember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna)

Samtök atvinnulífsins vísa til bréfs efnahags- og viðskiptaráðuneytis, dags. 5. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, sem fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi. Samtökin þakka fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið á vinnslustigi.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 2009/109/EB, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010. Markmiðið tilskipunarinnar er að draga úr stjórnslubyrðum í hlutafélögum hvað varðar upplýsingaskyldu í tengslum við samruna og skiptingu. Tilskipunin veitir heimild til að draga úr þessum skyldum hvað snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra, t.d. með því að nýta heimasíður félaga.

Í frumvarpsdrögum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins er lagt til að ákvæði tilskipunarinnar verði innleidd í íslenskan rétt með breytingu á lögum um hlutafélög. Þá er gert ráð fyrir að samhljóða breytingar verði gerðar á lögum um einkahlutafélög, þrátt fyrir að slíkt sé ekki skylt samkvæmt tilskipuninni. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, segir um þetta að eðlilegt þyki að svipaðar reglur gildi um hlutafélög, sem tilskipunin tekur til, og einkahlutafélög.

Markmið tilskipunar 2009/109/EB er, eins og að ofan greinir, að auka samkeppnishæfni evrópskra hlutafélaga með því að draga úr stjórnslubyrðum í ákveðnum tilvikum. Í tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (COM(2008) 576 final) er gerð ítarleg grein fyrir markmiðum breytinganna, aðdraganda þeirra og þeirra sjónarmiða sem horft var til. Í tillögunni kemur m.a. fram að markmiðið sé að stuðla að bættri samkeppnishæfni fyrirtækja í Evrópusambandinu með því að draga úr stjórnslubyrðum þar sem það verður gert án meiriháttar neikvæðra áhrifa á aðra hagsmunaaðila. Þá segir að þriðja og sjötta félagaréttartilskipunin hafi að geyma ákvæði um skyldu til ítarlegrar skýrslugjafar þegar um samruna og skiptingu fyrirtækja er að ræða, sem geta haft í för með sér umtalsverðan kostnað. Einnig geti samspil við aðra félagaréttartilskipunina undir vissum kringumstæðum haft í för með sér aukinn kostnað. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar er einnig bent á að ákvæði um



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

að upplýsa hluthafa um viðskipti séu 30 ára gömul og taki ekki mið af tæknilegum möguleikum í dag. Loks kemur fram að breytingar á öðrum tilskipunum á undanförunum árum, einkum varðandi aðra félagaréttartilskipunina, um vernd kröfuhafa, hafi leitt til ósamræmis á milli tilskipana.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að efla samkeppnishæfni fyrirtækja og atvinnulífs og fagna því fyrirhugaðri framlagningu frumvarpsins. Með vísan til umfjöllunar í skýringum með tillögu framkvæmdastjórnarinnar telja samtökin að full rök séu til að endurskoða gildandi reglur um upplýsingaskyldu í tengslum við samruna og skiptingu, jafnt í tilviki einkahlutafélaga sem og hlutafélaga. Samtökin telja því mikilvægt að ákvæði tilskipunar 2009/109/EB verði innleidd í bæði lög um hlutafélög sem og lög um einkahlutafélög. Þá telja samtökin mikilvægt að haldið sé í það fyrirkomulag að ákvæði laga hlutfélagalaga og einkahlutafélagalaga um samruna og skiptingu séu því sem næst samhljóða og að ákvæði um millilandasamruna og millilandaskiptingu geri enn mikilvægara að viðhalda samræmdri lagasetningu hvað þessi atriði varðar.

Samtök atvinnulífsins gera að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpsins á þessu stigi.

Virðingarfyllt,

Guðjón Axel Guðjónsson



Alþingi
Erindi nr. P 140/322
komudagur 22.11.2011

22. nóvember 2011
SI-80034

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.), 140. löggjafarþing, 191. mál.


Með tölvupósti dags. 11. nóvember sl., óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.


Frumvarpið er endurflutt á þessu þingi með litlum breytingum en Seðlabankinn skilaði umsögn með fyrra þingmáli (139. löggjafarþing, 641. mál).

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram, að frumvarpið feli, að undanskilinni einni grein, í sér innleiðingu á tilskipun 2009/109/EB, en tilskipunin hafi verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 frá 12. mars 2010. Þá kemur fram, að breytingarnar snerti reglur um samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga, og að aðalmarkmiðið með tilskipuninni sé að draga úr stjórnsýslubyrðum í hlutafélögum við vissar aðstæður, hvað snertir gerð skýrslna og skjala og birtingu þeirra, og m.a. með því að auka heimild til að nýta vef félaga.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 140/126
komudagur 14. 11. 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2011.

Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl. Þingskjal 195 - 191. mál. Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011 – 2012.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 11. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarregla o.fl. Þingskjal 195 - 191. mál.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun 2009/109/EB á sviði félagaréttar er varða reglur um samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga. Frumvarpið er endurflutt frá fyrra löggjafarþingi með litlum breytingum.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/403
komudagur 23.11.2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. (191.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um samruna og skiptingar í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög.

Viðskiptaráð gerir ekki almennar athugasemdir við ofangreint frumvarp en vísar til sértækari athugasemda er koma fram í umsögnum Deloitte og KPMG.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands